

LÖG

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögum þessum, eða landa afla fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skulu greiða veiðigjöld svo sem í lögum um veiðigjöld greinir.

2. gr.

21., 22., 23. og 23. gr. a laganna falla brott.

3. gr.

Í stað orðanna „1. september 2012“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögum kemur: 1. september 2013.

4. gr.

Í stað orðanna „og 2011/2012“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögum kemur: 2011/2012 og 2012/2013.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum:

- a. Í stað orðanna „og 2011/2012“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 2011/2012 og 2012/2013.
- b. Í stað orðanna „Fiskveiðiárið 2011/2012“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Á fiskveiðiárunum 2011/2012 og 2012/2013.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IX í lögum:

- a. Í stað orðanna „Á fiskveiðiárinu 2011/2012“ í 2. og 3. mgr. kemur: Á fiskveiðiárunum 2011/2012 og 2012/2013.
- b. 4. mgr. fellur brott.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða X í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga nr. 70/2011 koma til frádráttar að $\frac{1}{5}$ hluta frá leyfðum heildar afla á fiskveiðiárinu 2012/2013. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi $\frac{4}{5}$ hlutum þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 5. og 6. mgr. 8. gr. laganna.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XI í lögunum:

- a. Í stað orðanna „á árinu 2012“ í 1. málsl. kemur: á árunum 2012 og 2013.
- b. Á eftir orðunum „á árinu 2012“ í 2. málsl. kemur: og 2013.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. júní 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.